

Aðalfundur Vistbyggðarráðs

Fundargerð:

Tími: Föstudagur 8. Apríl 2011, kl. 14.00 – 15.30

Staður: Salur Betelgás, HR, Menntabraut 1

Þátttakendur: Fulltrúar aðila að Vistbyggðarráði

Fundarritari: Elín Vignisdóttir

Dreifing: Fundarmenn

1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir

Lagt var til að Björn Karlsson tæki að sér fundarstjórn og Elín Vignisdóttir ritaði fundargerð. Þau voru samþykkt af fundarmönnum.

2. Skýrsla stjórnar

Kristveig Sigurðardóttir, fráfarandi formaður Vistbyggðarráðs, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár, fór þar yfir stofnun félagsins og þetta fyrsta starfsár þeirra. Kristveg sagði m.a. frá innra starfi Vistbyggðarráðs, sem að mestu fer fram í vinnuhópum um einstök málefni, og helstu viðburði sem hafa farið fram á vegum félagsins á liðnu ári. Þá sagði hún frá innlendu og erlendu samstarfi og stiklaði svo á stóru í því sem framundan er hjá félaginu.

3. Ársreikningur

Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra félagsins, kynnti ársreikning fyrir árið 2010. Tekjur fyrir næsta ár hafa lækkað, 2 aðilar sögðu sig úr samtökunum og 2 lækkuðu aðildargjöld. Á móti kemur að ýmiss stofnkostnaður féll til þetta fyrsta starfsár, svo daglegur rekstarkostnaður næsta ár verður væntanlega lægri.

4. Starfsáætlun 2011-2012

Starfsstöð

Frá upphafi var gert ráð fyrir að starfsstöð framkvæmdastjóra væri færanleg. Fyrstu 6 mánuðina var hún staðsett hjá FSR í Borgartúni, en hefur nú fært sig til EFLU, Höfðabakka. Hjá Eflu færist aðstaða milli deilda. Framkvæmdastýra verður staðsett hjá Eflu í a.m.k. 6 mánuði.

Aðilar

Á næsta starfsári verður lagst í að efla sambandið við núverandi aðila, t.d. með því að halda aðilafundi 2-3 á ári þar sem innri málefni yrðu til umfjöllunar. Þá stendur einnig til að fara í átak og fjölga aðilum og breikka hópinn.

Ráðstefna

Vistbyggðarráð í samvinnu við Vistmennt stendur fyrir ráðstefnu í Norræna húsinu þann 12. Maí þar sem umfjöllunarefnið er vistvænar byggingar. Fyrirlestrar verða fyrir hádegi m.a. Martin Haas

arkitekt og einn stofnanda þýska GBC og vinnuhópar kynna sínar niðurstöður eða stöðuskýrslu eftir hádegi.

Opnir fundir

Næsta vetur verða haldnir áfram opnir fundir, 5-6 yfir veturinn og 1-2 heimsóknir. Aðilar eru hvattir til að koma með tillögur að málefnum til umfjöllunar á þessum fundum.

Vinnuhópar

Vinnuhópar munu að mestu starfa óbreyttir áfram. Tveir hópar ljúka störfum nú í vor, hópur um endurskoðun byggingarreglugerðar og hópur um vistvænt skipulag.

Samstarf

Vistbyggðarráð er komið í Evrópunet Vistbyggðarráða, þar er mikið um að vera, fjöldi funda og aðgangur að ýmiskonar gögnum.

Vistbyggðarráð hefur verið í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina í verkefni um orkunýtni bygginga.

Stefnumótun

Verkefni haustsins verður stefnumótunarvinna innan félagsins.

5. Viðurkenning fyrir merki félagsins

Sigríður Björk framkvæmdastýra veitti Paolo Gianfrancesco viðurkenningu fyrir hönnunina á merki félagsins.

6. Kosning stjórnar

Óskað var eftir framboðum til stjórnarsetu. Eftirfarandi aðilar buðu sig fram:

- | | |
|------------------------------|--------------------------|
| • Ásdís Hlökk Theodórsdóttir | HR |
| • Ólafur Þór Júlíusson | Húsasmiðjan |
| • Lena Kadmark | Framkvæmdasýslu ríkisins |

Atkvæði féllu þannig:

- | | |
|---------------|------------|
| • Ólafur Þór | 30 atkvæði |
| • Ásdís Hlökk | 19 atkvæði |
| • Lena | 12 atkvæði |

Ólafur Þór og Ásdís Hlökk sitja því í nýrri aðalstjórn. Lena kemur inn í varastjórn. Fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Kristveigu Sigurðardóttur, Sverri Bollasyni og Halldóri Eiríkssyni er þakkað samstarfið á liðnu ári.

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Í lögum félagsins hangir inni í klausu um dagskrá aðalfundar liður um kosningu löggilts endurskoðanda, sem gengur ekki upp því löggiltur endurskoðandi er fenginn til að yfirfara reikningana og undirrita þá. Fundur leggur til að María B. Ingvarsdóttir, endurskoðandi, sem yfirfór reikningana, verði kosin sem löggiltur endurskoðandi. Var sú tillaga samþykkt.

Fundarmenn leggja til að þessari klausu verði breytt á næsta aðalfundi.

8. Önnur mál

Halldór Eiríksson tók til máls og mæltist til þess að Vistbyggðarráð færi að huga að því hvernig VBR vinnur með sínum aðildarfélögum. Vinna ætti að því að blanda fleiri starfsmönnum aðildarfélaga inn í starfsemi Vistbyggðarráðs, virkja þá og fá vinnu/kraft frá aðildarfélögum inn í VBR.

Óskar Valdimarsson tók til máls í gegnum fjarfundabúnað frá Bandaríkjunum. Hann fer á fund með bandaríska Vistbyggðarráðinu (US GBC) í næstu viku og þar hefur VBR tök á að koma spurningum eða öðru sem þeir óska á framfæri.

9. Fundi slitið.

Fundi var slitið kl. 15.50.